



Skýrsla Fræðslunefndar Umdæmisins Ísland – Færeyjar starfsárið 2010 -2011

*Til Umdæmisstjórnarfundar haldinn laugardaginn
22. janúar 2011*

Í fræðslunefnd eru : **Sæmundur H. Sæmundsson Elliða formaður**
Finnbogi G. Kristjánsson Elliða
Árni H. Jóhannsson Kötlu

Fræðslunefnd hóf strax og búið var að skipa nefndina undirbúning að fræðslu fyrir starfsárið 2010-2011

Strax á fyrstu fundum kom upp umræða, að breyta fræðslunni svolítið frá fyrra ári og hafa sameiginlega fræðslu með svæðisstjórum og forsetum, (sama laugardaginn) þó þannig að svæðisstjórar eru fyrst um morguninn, frammundir hádegi, en þá bætast forsetar klúbbanna í hópinn og fræðslan verður sameiginleg það sem eftir er dagsins. Þá var ákveðið að allir þátttakendur mundu snæða saman kvöldverð að lokinni fræðslu til að auka enn frekar á kynnum milli manna því að við teljum að aukin kynni milli félaga skapi það umhverfi að betri árangur náist í Kiwanisstarfinu.

Kjörumdæmisstjóri var inn á þessari línu eins og nefndin og það okkur nefndarmenn að útfæra þessa hugmynd og síðan mundum við í sameiningu fínpússa hana.

Eftir þessu höfum við unnið og reynt að gera þá fræðslufundi sem við höfum komið nálægt eins líflega og skemmtilega og okkur hefur verið unnt.

Fyrsta verkefnið var sameiginlegur fundur með svæðisstjórunum og forsetunum laugardaginn 17. apríl 2010 og var fundurinn haldinn í Kiwanishúsinu að Engjateig 11 í Reykjavík.

Á þennan fund mættu í heild um 40 manns og verður það að teljast nokkuð góð mæting. Þeir embættismenn sem tóku þátt í þessari fræðslu auk fræðslunefndar voru: Kjörumdæmisstjóri, Umdæmisstjóri, ritari Umdæmisins og féhirðir Umdæmisins. Verðandi ritara og féhirðir sátu fundinn sér til fróðleiks.

Næsta verkefni var að undirbúa fræðslu á Umdæmisþinginu en sá fundur var áætlaður með svipuðu sniði og árið áður, sameiginlegur með svæðisstjórum, forsetum, riturum og féhirðum klúbbanna ásamt þeim móttökunefndarformönnum sem sæju sér fært að mæta til fundarins og einnig öðrum kiwanisfélögum, sem til þings væru mættir. Þátttaka var mjög góð eða um 120 manns sem mættu á þennan fund. Flestum fannst vel til takast og töldu að svona fundur sem væri opinn og allir gætu tjáð sig væri góður og líklegur til árangurs

Nefndin hefur verið beðin að koma á nokkrar svæðisráðstefnur með fræðslu og eru það Þórssvæði – Grettissvæði og Ægissvæði sem hafa óskað eftir fræðslu og er þegar búið að heimsækja Grettissvæðið og Ægissvæðið en þar sem Þórssvæðið bað um sérhæfða fræðslu um notkun netsins og fl. varðandi þá tækni vísuðum við svæðisstjóranum á aðra sem væru fróðari um þessi mál heldur en við í nefndinni og veit ég ekki annað en það hafi tekist ágætlega. Nokkrir klúbbar hafa haft samband við nefndina og eru þessi mál í skoðun

Nefndin hefur verið að vinna að því að setja inn á Kiwanisvefinn haldgóðar upplýsingar fyrir kiwanisfélaga og stjórnendur klúbbanna. Vonum við að þegar þetta verður búið verði þessar upplýsingar aðgengilegar félögum, en allar ábendingar eru vel þagnar til að bæta gögn frá fræðslunefnd.

Fleira markvert er ekki frá fræðslunefnd það sem af er starfsárinu en við erum að sjálfsögðu til þjónustu reiðubúnir ef klúbbar vilja fá okkur í heimsókn með létt spjall um störf klúbba og annað sem við gætum veitt fróðleik um.

Reykjavík 22. janúar 2011

Sæmundur H. Sæmundsson
formaður Fræðslunefndar